



Ljósmyndir/Eyþór Árnason

Nætur Starfsmenn safnsins hengja upp verk Kristjáns Guðmundssonar, „Lengsta nótt á Íslandi“, sem er parað við verk Kjarvals, „Júnínótt á Þingvöllum“.

Tilgátur um tengsl

● **Verk Kjarvals eru sett í samhengi við verk sextán samtímalistamanna á sýningunni Eilíf endurkoma sem opnuð verður í dag á Kjarvalsstöðum**

Helgi Snær Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

Eilíf endurkoma er yfirskrift viðamikillar myndlistarsýningar sem opnuð verður í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum í dag kl. 10 en vegna hertra sóttvarnareglna verður ekki um hefðbundna opnun að ræða heldur mun húsið vera opið frá kl. 10 til 17 og geta tíu gestir verið í hverju sóttvarnahólf. Óskyldir aðilar skulu virða tveggja metra reglu og bera grímur. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ávarpar gesti í streymi á facebooksíðu safnsins og einn listamanna sýningarinnar, Páll á Húsafelli, leikur á náttúruhljóðfæri kl. 11 og kl. 14.

Sýningin er sögð einstakt tækifæri til að upplifa verk Jóhannesar Kjarvals í samhengi verka listamanna samtímans og er hún jafnframt sú fyrsta þar sem slíkt er gert. Listamennirnir eru 16 og allir á lífi og segir í tilkynningu að sýningin dragi fram mörg af hugðarefnum meistara Kjarvals og að settar séu fram tilgátur um tengsl við hugðarefni hinna starfandi listamanna. Þeir eru Eggert Pétursson, Egill Sæbjörnsson, Einar Garibaldi, Gjörningaklúbburinn, Guðrún Einarsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Hrafnkell Sigurðsson, Katrín Elvarsdóttir, Katrín Sigurðardóttir, Kristján Guðmundsson, Ólafur Eliasson, Páll Guðmundsson, Ragna Róbertsdóttir, Ragnar Kjartansson, Sigurður Guðjónsson og



Skúlpúr Axel Hallkell skoðar falleg verk Egils Sæbjörnssonar.

Steina. Sýningarstjórar eru Ólaf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, Markús Þór Andrésson og Edda Halldórsdóttir. Axel Hallkell Jóhannesson er sýningarhönnuður.

Sum unnin með Kjarval í huga

Edda Halldórsdóttir, einn sýningarstjóra, segir titil sýningarinnar vísa til þess að hugmyndir og minni komi til baka á ólíkum tímum. „Við erum að vinna með Kjarval sem einhvern útgangspunkt en hann er samt einn sýnenda,“ segir Edda og að sjá megi tengingar milli verka Kjarvals og hinna listamannanna.

Edda er beðin að nefna dæmi um slíkar tengingar á sýningunni. „Sum verkin eru unnin gagngert með Kjarval í huga eins og til dæmis verk Eggerts Péturssonar þar sem hann tekur blómaandlit, teikningu eftir

Kjarval, og vinnur hana inn í sitt málverk sem er nýtt verk og hann er að sýna í fyrsta skipti á þessari sýningu. Sú tenging er bókstafleg og skýr. Síðan höfum við parað líka verk Rögnu Róbertsdóttur við málverk eftir Kjarval sem nefnist „Heyþurrkur eftir Heklugos“ og er málverk af Heklu, landslagsverk sem hann gerði árið 1977 og Ragna vinnur með efniviðinn, vikur úr Heklu. Hún tekur hraun og vikur úr Heklu og vinnur landslag með efniviðnum. Á þann hátt er spurningin meira um efnivið en viðfangsefni,“ svarar Edda. Ragna hafi ekki verið að hugsa um Kjarval þegar hún gerði sitt verk. Eitt dæmið enn er málverkasería eftir Ragnar Kjartansson þar sem hann beitir svipaðri vinnuaðferð og Kjarval, málar úti í náttúrunni. „Stærðin á hans verkum tekur mið af stærð Kjarvalsverks sem Ragnar á,“

bendir Edda á og að Ragnar hafi fengið innblástur sinn frá því verki. Edda er spurð hvort einhver verk hafi verið unnin sérstaklega fyrir sýninguna og segir hún engin hafa verið sérstaklega pöntuð fyrir hana nema verk Einars Garibaldi. „Hann hefur verið með Kjarval pínulítið á heilanum í um tuttugu ár og fengist við hans arfleifð. Eftir samtal við okkur fór hann að vinna,“ segir Edda.

Ný sýn á verk listamannanna

Verkin á sýningunni eru sum úr safneigninni, sum fengin að láni og önnur koma beint frá listamönnum. Lykilverk á sýningunni eru „Life Under the Glacier“ eftir Ólaf Eliasson og vídeóinnsetningin „Lava&Moss“ eftir Steinu Váulka og landið og tengsl okkar við það er ríkt þema í verkum Guðrúnar Kristjánsdóttur, Katrínar Elvarsdóttur, Katrínar Sigurðardóttur, Rögnu Róbertsdóttur og Páls á Húsafelli, að því er fram kemur í tilkynningu en frekari upplýsingar um sýninguna má finna á vef safnsins, listasafnreykjavikur.is. „Þegar maður gengur um salinn verða þessar tengingar alveg augljósar,“ segir Edda um sýninguna og á þar við tengingar milli verka samtímalistamanna og verka Kjarvals. „Ég er mjög ánægð með þessar paranir og þessa listamenn,“ segir Edda og að á sýningunni fái fólk nýja sýn á verk Kjarvals og hinna listamannanna.